

## Dýnur á mótum Fimleikasambands Íslands

### Áhaldafimleikar karla

TK telur að notkun öryggisdýna gefi fimleikamönnum ekki ósanngjarnt forskot í keppni en geta aukið öryggi ef fimleikamaður er að undirbúa æfingar fyrir stærri mót.

Keppendur í frjálsum æfingum og 1. þrepi mega nota 10 cm öryggisdýnu við neðangreindar aðstæður:

- Þar sem leyfi er gefið í CoP.
- Á hringjum, tvíslá, stökki og svifrá á öllum mótum innanlands.
- Á gólfi þegar framkvæmt er tvöfalt eða þrefalt heljarstökk að gildi D eða hærra á öllum mótum innanlands nema á bikar- og Íslandsmótum ásamt RIG (þá verður að láta dýnuna á gólfið áður en æfingin byrjar og má bara taka hana út af. Ekki setja inn á í miðri æfingu).

TK